



Borgarráð

Reykjavík, 7. október 2025

MSS25100031

Fyrirhuguð ferð staðgengils borgarstjóra til Berlínar vegna Berlin Urban Nature Pact

Formaður borgarráðs Líf Magneudóttir heldur út til Berlínar dagana 8.-10. október, sem staðgengill borgarstjóra, til þess að undirrita Berlin Urban Nature Pact (BUNP) – Náttúruborgarsamning Berlínar. Á fundi borgarstjórnar þann 16. september sl. var samþykkt að Reykjavíkurborg muni undirrita samninginn. Með samningnum skuldbinda borgir sig til þess að innleiða að lágmarki 15 af 28 aðgerðum samningsins fyrir árið 2030. Samningurinn er innlegg í nýja aðgerðaáætlun um líffræðilega fjölbreytni og mun fyrsti fundur BUNP verða haldinn nú í október í Berlín. Náttúruborgarsamningurinn veitir borgum tækifæri til þess að deila reynslu sinni og þekkingu með öðrum, hjálpar þeim að setja sér mælanleg markmið og innleiðir samræmdar leiðir til að meta hvort markmiðunum hafi verið náð.

Heiða Björg Hilmysdóttir
borgarstjóri

Hjálagt:

Útskrift úr fundargerð umhverfis- og skipulagsráðs dags. 3. september varðandi Berlin Urban Nature Pact – Náttúruborgarsamningur.

Dagskrá Berlin Urban Nature Pact 8.-10. október 2025.



Reykjavík



Borgarráð Reykjavíkur
Tjarnagötu 11
101 Reykjavík

Reykjavík, 3. september 2025
USK25080284

Hér með sendist útskrift úr fundargerð umhverfis- og skipulagsráðs dags. 3. september 2025 varðandi eftirfarandi mál:

Berlin Urban Nature Pact - Náttúruborgarsamningur

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs dags. 29. ágúst 2025 um að hafinn verði undirbúningur að því að Reykjavíkurborg taki þátt í Náttúruborgarsamningi Berlínar (Berlin Urban Nature Pact).

Samþykkt og vísað til borgarráðs

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir
*Skrifstofa stjórnsýslu og gæða
Umhverfis- og skipulagssvið*

Fylgiskjöl: Berlin Urban Nature Pact – Náttúruborgarsamningur, dags. 29. ágúst 2025



Reykjavík



Umhverfis- og skipulagsráð
Borgartúni 12-14
105 reykjavík

Reykjavík, 29. ágúst 2025
USK25080284

Berlin Urban Nature Pact - Náttúruborgarsamningur

Skrifstofa umhverfisgæða leggur fram svohljóðandi tillögu:

Lagt er til að hafinn verði undirbúningur að því að Reykjavíkurborg gangi að Náttúruborgarsamningi Berlínar (Berlin Urban Nature Pact). Lagt er til að skoðað verði að innleiða aðgerðir: 1.1, 2.3, 2.4, 2.5, 3.1, 3.3, 4.1, 4.2, 4.3, 4.4, 4.5, 5.2, 6.2, 6.3, 6.4, 7.4

Greinargerð:

Náttúruborgarsamningur Berlínar talar vel við Montreal yfirlýsinguna sem Reykjavíkurborg hefur undirritað, Græna planið og stefnu Reykjavíkur um líffræðilega fjölbreytni. Samningurinn getur verið gagnlegt tól við endurskoðun á aðgerðaáætlun um líffræðilega fjölbreytni sem rennur úr gildi á næsta ári. Í samningnum er að finna nokkrar aðgerðir sem borgin hefur nú þegar ákveðið að ráðast í en eru nánar útfærðar eða magnteknar ásamt öðrum sem ekki hafa verið í núverandi áætlun.

Núverandi staða og skuldbindingar um vernd líffræðilegrar fjölbreytni í Reykjavík
Reykjavíkurborg samþykkti stefnu og aðgerðaáætlun um líffræðilega fjölbreytni árið 2016, fyrst allra höfuðborga norðurlandanna. Stefnan er ótímasett en með henni fylgir aðgerðaáætlun til tíu ára með yfir 200 aðgerðum en hún rennur því út árið 2026. Í stefnunni eru skilgreindar sex megin áherslur sem borgin ætlar að fylgja í starfsemi sinni og ákvörðunum.

Auk þess hefur Reykjavíkurborg skrifað undir alþjóðlegar skuldbindingar um eflingu líffræðilegrar fjölbreytni með undirritun borgarstjóra árið 2022 á Montreal yfirlýsingunni (Montreal Pledge). Í yfirlýsingunni eru 15 atriði sem borgir heita að vinna að, m.a. að draga úr ógnum gegn líffræðilegri fjölbreytni og stjórnun hennar sé í föstum skorðum.

Náttúruborgarsamningur Berlínar

Frá undirritun Montreal yfirlýsingarinnar hefur Berlínarborg leitt vinnu um hvernig megi innleiða markmið yfirlýsingarinnar, dýpka hana og formfesta. Niðurstaða þeirrar vinnu er að koma á fót Náttúruborgarsamningi Berlínar (Berlin Urban Nature Pact) í samstarfi við



Reykjavík



aðrar borgir, ICLEI (Local Governments for Sustainability) og Cities for Nature samstarfsvettvangana sem Reykjavíkurborg er hluti af.

Í náttúruborgarsamningnum skuldbinda borgir sig til þess að draga úr rýrnun líffræðilegs fjölbreytileika og að innleiða að lágmarki 15 af 28 skilgreindum aðgerðum til að ná því markmiði fyrir árið 2030. Markmiðin varða t.a.m. eflingu grænna svæða, endurheimt og verndun mikilvægra vistkerfa, aukna fræðslu um umhverfismál, aukið samstarf við félagasamtök og einkageirann til að ná því marki.

Náttúruborgarsamningurinn veitir borgum tækifæri til þess að deila reynslu sinni og þekkingu með öðrum, hjálpar þeim að setja sér mælanleg markmið og innleiðir samræmdar leiðir til að meta hvort markmiðunum hafi verið náð.

Skyldur samningsins

Eins og áður sagði skuldbinda borgir sig til þess að innleiða að lágmarki 15 af 28 aðgerðum samningsins fyrir árið 2030. Þær skuldbinda sig jafnframt til þess að taka þátt í samstarfsvettvangi hans með að lágmarki einum fundi á ári sem er haldinn í persónu eða með fjarfundi. Ekki fylgir kostnaður við samstarfið annar en sá sem kann að falla til ef fulltrúar Reykjavíkur mæta á árlega fundi.

Ekkert beint fjármagn fylgir samkomulaginu en í því er falinn stuðningur frá öðrum borgum og aukið samstarf um lausnir á áþekktum vandamálum. Auk þess sem því fylgir ytra aðhald að setja markmið um að innleiða þær aðgerðir sem eru valdar.

Atriðin 28 eiga misvel við borgir og á það einnig við um tilfelli Reykjavíkurborgar. Í viðauka hafa aðgerðirnar verið metnar út frá hversu vel þær eiga við náttúru Reykjavíkur og hvort svipaðar aðgerðir séu nú þegar í núverandi stefnu eða aðgerðaáætlun.

Eitt þeirra atriða sem er í núverandi stefnu um líffræðilega fjölbreytni sem hefur setið á hakanum er samstarf um stefnumótun við aðrar borgir, enda eru fáar fyrirmyndir á Íslandi sem Reykjavíkurborg getur leitað til í þessum efnum.

F. h. umhverfis- og skipulagssviðs

Benedikt Traustason
Umhverfis- og skipulagssvið

Hjálagt:
Mat á aðgerðum Náttúruborgarsamningsins
Berlin Urban Nature Pact (Ensk útgáfa)



Reykjavík



Mat á aðgerðum Náttúruborgarsamningsins

Þær 28 aðgerðir og markmið sem fjallað er um í Náttúruborgarsamningnum.

Númer verkefna sem gætu t.d. komið til greina eru **undirstrikuð**. Undir „Núverandi stefna“ er metið hvort aðgerðin sé í núverandi aðgerðaáætlun eða stefnu.

	Nr.	Aðgerð	Núverandi stefna	Athugasemd
1. Fræðsla og náttúruupplifun	1.1	Fræðsla um líffræðilega fjölbreytni verði aukin	Já	Felur í sér að „to develop and implement a public biodiversity programme for education“ í samstarfi við t.a.m. félagasamtök, háskóla, grasagarðinn og aðra hagaðila.
	1.2	Öll börn undir 15 ára fá 1 dag á ári í náttúrkennslu	Nei	Skóla og frístundasvið þarf að taka afstöðu til hugmyndarinnar. Styður vel við vinnu Miðstöðvar útivistar og útináms. Styður við aðgerð 14 við innleiðingu Menntastefnu Reykjavíkur.
	1.3	Náttúrukennsla verði aukin á grænum svæðum, m.a. með landvörðum eða öðru starfsfólki.	Nei	Skoða þarf betur kostnað og markmið. Hér er átt við aukna fræðslu um líffræðilega fjölbreytni á grænum svæðum. Hugmyndin er að efla náttúrutúlkun (með landvörðum, starfsfólki borgarinnar o.s.frv.). Garðabær er t.d. með landvörð í 50% starfi sem sinnir síðan öðrum verkefnum í 50% starfi. Slíkt fyrirkomulag hefur reynst vel þar. Mætti mögulega skoða að efla fræðslu á friðlýstum svæðum.
2. Tegundir og búsvæði	2.1	Verndun tegunda á valista verði aukin. Ráðist verði í aðgerðir þannig að lágmarki 30% tegunda og búsvæða sem eru í slæmu ástandi verði í góðu ástandi 2030	Að hluta	Er að hluta til í núverandi stefnu en ekki magntekið eins og í þessu markmiði. Flókið í framkvæmd – t.a.m. erfitt að skilgreina öll búsvæði sem eru í slæmu ásigkomulagi og fylgjast með að framför eigi sér stað á meðal tegunda.
	2.2	Vernduð svæði verði 30% af	Að hluta	Í núverandi stefnu er kveðið á um að tryggja frekari vernd svæða. 30% er nokkuð hátt hlutfall í byggðu umhverfi og





3. Sambúð manns og náttúru		flatarmáli Reykjavíkur		ekki víst að stuðningur sé fyrir því. Fyrir verndun þurfa líka að liggja skýrar ástæður. Kanna þarf hvort hverfisvernd falli undir þessa aðgerð en hana mætti skilgreina með nákvæmari hætti á ákveðnum svæðum.
	2.3	Að unnið sé skipulega gegn uppbroti búsvæða, í skipulagi og unnið að því að tengja þau betur.	Að hluta	Gert er ráð fyrir að við undirbúning skipulags verði strax hugað að því að lágmarka uppbrot búsvæða og mótvægisáðgerðir. Græna netið snýst að hluta til um þetta markmið sem og viljandi villt þar sem sláttusvæði verða búsvæði.
	2.4	Verndaraðgerðir fyrir skordýr og lágmörkun á notkun skordýraeiturs og tilbúins áburðar á grænum svæðum	Já	Í núverandi umhverfisstjórnunarkerfi á USK og kallar á litlar breytingar í starfseminni. Skordýraeitur er lítið notað í dag. Áfram heimilt að nota t.a.m. á ágengar tegundir. Notkun á tilbúnum áburði er líka lítil, helst á sparkvöllum og blómabeðum þar sem ástæða er til að nota hann.
	2.5	Að skilgreindar verði ágengar tegundir sem eru í forgangi þegar kemur að aðgerðum. Að aðgerðir gegn helmingi þeirra verði hafnar.	Að hluta	Mikilvægt er að skilgreina hvaða tegundir eru framandi ágengar og hvaða skaða þær valda til að réttlæta aðgerðir. Ekki er raunhæft að ráðast að þeim öllum og því þarf að velja svæðin vel. Aðgerðir gegn ágengum tegundum eru mjög kostnaðarsamar og sumar erfiðar viðureignar (t.a.m. lúpína, skógarkerfill, pistill). Aðeins er hægt að halda þeim niðri á forgangssvæðum. Hér mætti mögulega virkja íbúa með okkur í lið, t.d. með leiðbeiningum og hvatningu.
	3.1	Nýbyggingar og innviðir ættu að styðja við líffræðilega fjölbreytni eins og kostur er	Nei	Við skipulag innan borgarinnar og framkvæmdir á hennar vegum mætti skoða aðgerðir sem styðja við líffræðilega fjölbreytni. BREEAM vottun nýbygginga hjá borginni hefur verið aukin.





	3.2	Tegundir sem verpa t.a.m. á byggingum njóti sérstakrar verndar og ráðist verði í aðgerðir sem draga úr brotlendingum fugla	Nei	Verndun hreiðurstæða á kannski ekki við og eru að hluta til vernduð í dag skv lögum þar sem við á. Skoða mætti að setja kvaðir í skipulag nálægt t.a.m. mikilvægum fuglasvæðum eða þar sem gler er ríkjandi í efnisvali með kröfu um fuglafælandi gler.
	3.3	Að gerðar verði leiðbeiningar um græn þök og „grænar framhliðar“ (green facades) og þau verði innleidd á 50% nýbygginga	Að hluta	Leiðbeiningar um græna innviði í byggð hafa nú þegar verið gerðar og er verið að endurskoða. Nýjar leiðbeiningar um blágrænar lausnir hjá skipulagsfulltrúa gætu líka tekið á grænum þökum og framhliðum. Græn þök hafa verið umdeild vegna myglu og grænar framhliðar eiginlega ekki til á Íslandi.
	3.4	Dregið verði úr ljósmengun með tilliti til skordýra, fugla og gróðurs. Dregið verði úr ljósmengun um 50%	Nei	Ljósmengun með tilliti til áhrifa á lífríki hefur lítið verið könnuð á Íslandi. Þetta markmið ætti helst við laxagöngur í Elliðaám, Úlfarsá og Leirvogsá. Á Íslandi eru fá spendýr. Áhrif á skordýr og gróður eru lítið rannsökuð. Skoða mætti gróður undir ljósastaurum.
4. Grænir innviðir og vistkerfi	4.1	Stefnt verði á að lágmarki verði 1 tré pr. 6 íbúa á grænum svæðum	Nei	Miðað við núverandi íbúafjölda gera það 23.400 tré í Reykjavík. Uppfyllum þetta sennilega nú þegar. Í miðborginni einni saman eru um 5500 borgartré. ¹ Mikið hefur verið plantað við jaðra borgarinnar. Tækifæri til þess að auka trjáfjölda í þéttbýlinu sjálfu. Markmið um aukinn gróður eru hluti af Græna planinu.
	4.2	Að 10% borgarinnar sé þakin laufkrónu trjáa, helst þannig að hver hverfahluti uppfylli viðmiðið	Nei	Reykjavíkurborg uppfyllir líklega þetta markmið nú þegar í heild. Krónuþekja hefur ekki verið greind niður á hverfahluta. Til umræðu hefur verið hvort innleiða eigi 3-30-300 viðmiðin sem eru talsvert metnaðarfullri. Væri áhugavert

¹ Crosby, M. K., McConnell, T. E., Holderieath, J. J., Kjartansson, B. Þ., Traustason, B., Jónsson, Þ. H., og Oddsdóttir, E. S. (2021). [Urban street tree characteristics and benefits in city centre, Reykjavik, Iceland](#). *Trees, Forests and People*, 4, 100066.



				að skoða hvar vantar græn svæði skv. greiningu á 3-30-300.
	4.3	Við plöntun verði litið til loftslagsþols tegunda og reynt að notast við innlendar tegundir þegar við á. Sama á við um aðrar vistgerðir t.a.m. graslendi	Nei	Er að hluta til uppfyllt í dag þar sem Ísland er almennt takmarkað af því hvaða tegundir geta vaxið hér. Innlendar trjátegundir eru fáar á Íslandi og því ekki raunhæft að styðjast eingöngu við þær. Í þéttbýli spila aðrir þættir líka inn eins og langlífi. Skoða mætti tilraunir með innlendar tegundir, t.d. melgresi við sjávarsíðuna o.s.frv.
	4.4	Enginn íbúi á að þurfa að ganga lengra en 500 metra að næsta græna svæði	Já	Er nú þegar stefna borgarinnar í aðalskipulagi. Hugmyndir uppi um að innleiða metnaðarfullri markmið. Flest hverfi borgarinnar sem uppfylla þetta í dag.
	4.5	Að umhirða 25% grænna svæða verði með líffræðilega fjölbreytni að leiðarljósi	Að hluta	Felur í sér að draga úr notkun skordýraeiturs, takmarka ágengar tegundir, minnka grasslátt þar sem við á, vernda viðkvæmar tegundir, auka fræðslu o.fl. Nýlega verið ákveðið að draga úr slætti á völdum svæðum.
	4.6	Fá vottun frá Forest Stewardship Council (FSC) fyrir skóga sem njóta mikillar umhirðu. Að lágmarki 10% skóga fái að þróast á eigin forsendum með litlum inngripum.	Nei	Höfum ekki sótt FSC vottun hingað til og ekki er ljóst hversu mikila vinnu það útheimtir. Erum með fáa náttúrulega skóga en mætti t.d. skoða birkikjarr fyrir ofan Heiðmörk.
5. Blágrænir innviðir	5.1	Að endurheimt verði hafin á um 25% raskaðra ferskvatns vistkerfa, strandsvæða og votlendis innan borgarinnar.	Að hluta	Endurheimtaraðgerðir hafa ekki verið magnteknar á þennan hátt í fyrri aðgerðaráætlun. Þetta er sennilega ekki raunhæft markmið.
	5.2	Blágrænar lausnir og aðgerðir sem styðja við	Já	Er í núverandi aðalskipulagi sem áhersla á að nýta blágrænar lausnir í nýrri byggð. Borgin hefur unnið mikið í





		líffræðilega fjölbreytni verði fyrsta val þegar farið er í nýja uppbyggingu.		leiðbeiningum um blágrænar lausnir og er hluti af ICEWATER verkefninu.
6. Heilbrigði jarðvegs	6.1	Sett verði metnaðarfull markmið um að hreinsa mengaðan jarðveg sem gæti haft áhrif á grunnvatn.	Nei	Mjög dýrt og flókið. Ekki raunhæft.
	<u>6.2</u>	Dregið verði úr notkun á hörðu, ógegndræpu yfirborði. Ekki verði gengið græn svæði sem mikilvæg eru fyrir líffræðilega fjölbreytni.	Nei	Rímar ágætlega við áherslur aðalskipulags. Tækifæri til þess að skoða betur hörð yfirborð sem hleypa samt vatni í gegn.
	<u>6.3</u>	Settar verði vinnureglur til að forðast ofþjöppun jarðvegs í kringum borgartré. Settar verði vinnureglur til að vinna gegn ofþjöppun jarðvegs á landbúnaðarlandi.	Nei	Er sennilega ekki vandamál í dag. Hönnunarleiðbeiningum hefur verið breytt á þann veg að rótarvænt burðarlag er sett kringum götutré. Mætti skoða bætta eftirfylgni með frágangi götutrjáa frá verktökum. Sömuleiðis að ekki sé notuð mold sem dreifir ágengum tegundum.
	6.4	Innleiddar verði náttúrumiðaðar lausnir gegn jarðvegsrofi af völdum vinds og vatns.	Nei	Jarðvegsrof er vandamál á Íslandi í heild en umfang þess í Reykjavík er óljóst. Sennilega ekki forgangsmál en mætti skoða.
7. Fæða og landbúnaður	7.1	Að lágmarki 10% af landbúnaðarlandi hafi fjölbreytt landslagseinkenni og séu auðug af líffræðilegri fjölbreytni.	Nei	Svolítið flókið, mögulega uppfyllum við þetta nú þegar. Á sennilega betur við annars staðar í heiminum þar sem hlutfall landbúnaðarlands á láglandi er hærra.





	7.2	Innleitt verði vistvænt verklag í landbúnaði (e. agro-ecological practices) á lágmarki 25% landbúnaðarlands	Nei	Á ekki við. Agro-ecological practices include cover/catch crops, retaining crop residues on the field, extending perennial phase of crop rotations, using perennial crops, permaculture, reduced tillage and zero tillage as well as agroforestry, woody landscape features or food forests.
	7.3	Dregið verði úr notkun á tilbúnum áburði á landbúnaðarlandi um 20%	Nei	Er ekki hlutverk borgarinnar
	7.4	Svæði undir ræktun íbúa verði stækkað og matjurtargörðum verði fjölgað. Verkefni sem styðja jafnframt líffræðilega fjölbreytni verði fjölgað.	Já	Er nú þegar áhersla í aðalskipulagi en mætti auka forgang og huga betur að í skipulagi, bæði nýrra og eldri hverfa.



Senate Department
for Urban Mobility, Transport,
Climate Action and the Environment

BERLIN



Supported by:



Federal Ministry
for the Environment, Nature Conservation,
Nuclear Safety and Consumer Protection



Local Governments
for Sustainability



Federal Agency for
Nature Conservation

based on a decision of
the German Bundestag



**BERLIN URBAN
NATURE PACT**

Inaugural event of the Berlin Urban Nature Pact

Berlin, 8-10 October 2025

Agenda:

**Please note times and details may still be adjusted.*

Day 1 – Wednesday, 8 October Political Segment & Reception

- 9:00-9:30** **Registrations & coffee**
- 9:30-9:45** **Welcome & Icebreaker**
- 9:45-10:00** **Welcome by Ute Bonde, Senator for Mobility, Traffic, Environment and Climate of Berlin**
- 10:00-10:10** **Greetings from Ilka Hirt, Secretary of State, BMUKN (TBC)**
- 10:10-11:10** **Spotlight on Pact Cities**
This session will highlight inspiring biodiversity initiatives led by cities around the world. Four pioneering cities will each share their experience working on urban nature, focusing on practical actions, successes, and lessons learned. These short, dynamic presentations will provide participants with concrete examples of how urban biodiversity can be advanced across different contexts, and spark ideas for replication and collaboration.

Speakers: Kaohsiung, Paris, Cali, Vienna
- 11:10-11:30** **Break**
- 11:30-12:30** **High-level panel discussion on Urban Nature Leadership - Cities as Champions of Global Biodiversity Action**
This high-level panel will explore the role of cities as champions of global biodiversity goals. While national governments negotiate international frameworks, it is in cities that commitments are tested, implemented, and brought to life. Political leaders from pioneering cities will share how they are driving ambitious urban nature agendas, the opportunities, and challenges they face in aligning with global goals, and how city leadership can accelerate transformative change for biodiversity worldwide.
Speakers: Berlin, Nansana, Bethlehem, Austin, Utrecht
- 12:30-14:30** **Lunch**
Neighbourhood stroll
- 14:30-16:00** **Getting to know each other: Track A (political representatives) & Track B (technical staff)**
This session is designed to provide tailored spaces for both political leaders and technical experts within the Berlin Urban Nature Pact community. Political representatives will use the time for bilateral exchanges and target dialogues with

peers and hosts, while technical representatives will engage in a dynamic joint discussion designed to break the ice and help participants get to know each other. The session concludes with a dedicated networking segment for technical staff, ensuring space for building personal connections, exploring collaboration, and exchanging practical experiences.

Bus transfer

17:00

Welcome Drinks

Reception by the Governing Mayor of Berlin, [Kai Wegner](#)

Celebrating old and new Pact cities

Closing words

18:00

Dinner

19:30

Optional: Festival of Lights

Day 2 - Thursday, 9 October

Technical Exchange & Peer-to-Peer Learning

09:00

Welcome coffee

09:30-09:45

Opening the day

09:45-11:00

Developing the Pact [Action Plan](#)

The Berlin Urban Nature Pact is grounded in city-led action. This session will highlight how cities are developing their Action Plans — the practical roadmaps that connect global biodiversity goals to local implementation. Four cities (Berlin, Utrecht, Austin, and Cali) will share their approaches, challenges, and lessons learned. Participants will then exchange reflections in smaller groups, comparing strategies, identifying common needs, and exploring how their own cities can move forward in the action planning process. (Political representatives are welcome to join the session or can arrange bilateral meetings.)

Speakers: Berlin, Utrecht, Cali

11:00-11:20

Break

11:20-12:30

Performance [Indicators](#), Monitoring Framework and Reporting

This session will explore the Berlin Urban Nature Pact (BUNP) monitoring framework, focusing on its performance indicators and alignment with international standards. The session will present the framework, including its indicators, as well as relevant global platform for reporting, such as CitiesWithNature. The session will then engage participants in a 40-minute interactive Mentimeter exercise to gather feedback on target selection and indicator relevance. The discussion will centre on participants' use of monitoring frameworks in their biodiversity strategies and how well the proposed BUNP framework aligns with existing practices.

Speakers: IUCN, ICLEI CBC

12:30-14:00 **Lunch**
Neighbourhood stroll

14:00-15:30 **Hot Topics**
This interactive session gives space for cities to shape the conversation by spotlighting pressing issues they are facing in advancing urban biodiversity. Through four thematic discussions — housing, agrifood systems, species co-habitation, and blue-green infrastructure — cities will exchange approaches, challenges, and solutions. The conversations will also explore how these themes connect through the lens of integrated urban planning. Each discussion will be initiated by one city, followed by open dialogue with peers.

15:30-16:00 **Break**

16:00-17:15 **Implementing the **Pact**: challenges & enablers**
This session focuses on the practical aspects of implementing the Berlin Urban Nature Pact and exploring a future working mode for city collaboration. Participants will discuss governance, capacity building, resources, and knowledge transfer in two subgroups, guided by cities who flagged key topics: governance (Austin) and education/capacity building (Vienna). The session will conclude with a joint discussion to synthesise insights, highlight actionable opportunities, and identify priorities for collective collaboration and support.

17:15-17:30 **Closing by **Berlin** hosts and next steps**

18:15 **Bus transfer**

18:30 **Dinner**

Day 3 - Friday, 10 October

Site visits

9:00 Meeting point: **Washingtonplatz, Berlin Central station**
(Hauptbahnhof)
The City of Berlin is working on a rich site visit programme! More details coming soon...

The venue:



Publix - House for Journalism and the Public Sphere

Address: Hermannstraße 90, 12051 Berlin

The main event will be held at **Publix**, located in the Neukölln district. At the entrance, you will find the registration desk to check in, and to receive your badge and information on how to connect to the Wi-Fi.



How to get there: The U8 S+U Hermannstr. will bring you close to the venue from several stations. Disembark at Leinestr. Walk 3 minutes to the destination.

Should you need additional information, please reach out to:

info@berlinurbannaturepact.org